



Ráðstefna International Myeloma Foundation (IMF)
í samvinnu við Perluvini - Félag um mergæxli (myeloma),
Háskóla Íslands og Landspítala

Þjónusta við sjúklinga utan Reykjavíkur

Halla Grétarsdóttir

Sérfræðingur í hjúkrun og teymistjóri hjúkrunar í blóðsjúkdómum á Landspítala

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er áhersla lögð á að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og eftirlit með henni. Einnig er lögð áhersla á að almenn heilbrigðisþjónusta sé veitt í heimabyggð og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi skulu sjúklingar „jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni“.

Heilbrigðisumdæmin

Landinu er skipt í eftirfarandi heilbrigðisumdæmi:

- ✓ Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins, Landspítali veitir sérhæfða sjúkrahúspjónustu fyrir alla landsmenn
- ✓ Heilbrigðisumdæmi Norðurlands, Akureyri
- ✓ Heilbrigðisumdæmi Suðurlands, Selfossi
- ✓ Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja, Keflavík
- ✓ Heilbrigðisumdæmi Vesturlands, Akranesi
- ✓ Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða, Ísafirði
- ✓ Heilbrigðisumdæmi Austurlands, Neskaupstað

Samstarf um þjónustu krabbameinssjúklinga utan höfuðborgarsvæðisins

Við höfum þróað samvinnu við á sjúkrahúsin á landsbyggðinni til að sjúklingar geti fengið meðferð í sinni heimabyggð.

Nú er samvinna um lyfjagjafir, blóðhlutagjafir o.fl við sjúkrahúsin:

- ✓ Keflavík,
- ✓ Selfossi & Vestmannaeyjum
- ✓ Akranesi,
- ✓ Neskaupstað,
- ✓ Ísafirði.

Einnig samvinna við heilsugæslustöðvar víða á landsbyggðinni.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) Selfossi

Haustið 2017 hófust viðræður um samstarf dag- og göngudeildar blóð- og krabbameinsdeildar og göngudeildar Heilbrigðisstofnunar á Selfossi um þjónustu og krabbameinslyfjagjafir og stuðningsmeðferðir.

Upphafið að þessu samstarfi var áhugi starfsfólks HSU að auka þjónustu við sjúklinga með krabbamein í sinni heimabyggð/kjördæmi.

Meðferðinni yrði stýrt af krabbameinsslæknum á Landspítala og sjúklingar kæmu reglulega í viðtal og meðferð en fengu hluta meðferðar sinnar á Selfossi.

Göngudeildin á Heilbrigðisstofnun Selfossi opnaði fyrir skipulagða þjónustu við krabbameinssjúklinga í byrjun nóvember 2017. Unnið er eftir vel skilgreindu verklagi í góðri samvinnu við krabbameinsslækna á Landspítala og teymisstjóra hjúkrunar.

Verklag

- Sjúklingur hittir krabbameinslækni á göngudeild blóð- og krabbameinslækninga og skipuleggur meðferð. Setur fyrirsmæli um krabbameinslyf/stoðlyfjagjafir í lyfjakerfi. Sett upp meðferðarferli fram í tímann, hversu oft á sjúklingur að fá meðferð á Selfossi.
- Teymisstjóri hjúkrunar sér um að panta blóðprufur, tryggja að fyrirsmæli séu sjáanleg í sjúkraskrá og skráir út lyfin að gjöf lokinni í samvinnu við hjúkrunarfræðinga á Selfossi.
- Hjúkrunarfræðingar/læknar á Selfossi sjá um mat á sjúklingi fyrir meðferð, úrlestur úr blóðprufum og mat á líðan fyrir meðferð. Gefa lyf/meðferðir eftir fyrirsmælum frá krabbameinslækni.
- Veita eftirfylgd og einkennamat í tengslum við meðferðir á Selfossi
- Unnið er eftir leiðbeiningum fyrir heilbrigðisstarfsfólks um gjöf lyfjanna, einkenni og aukaverkanir.
- Teymisstjórar hjúkrunar og vaktstjóri hjúkrunar á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga eru hjúkrunarfræðingum á Selfossi til stuðnings og ráðgjafar.

Dæmi um ferli

- Sjúklingur hefur lokið greiningarferli á Landspítala, hitti sinn blóðlækni í viðtali ákveðið að gefa VRD lyfjameðferð.
 - VRD (velcade/revlimid/dexametasone) sem er gefin á d1,d8 og d15 síðan vikuhlé.
- Fær fyrstu meðferðina á Landspítala, ef lyfjagjöfin hefur gengið vel er kannað hvort sjúkrahús í hans umdæmi geti veitt honum lyfjameðferðina. Hann fengi þá lyfjagjafir á d8 og d15 þar.
- Læknir hittir sjúkling eða metur í símtali fyrir næstu lyfjameðferðarlotu, setur inn fyrirmæli fyrir lyfjagjöfunum sem teymisstjóri kemur áfram til hjúkrunarfræðinga á viðkomandi sjúkrahúsi.

Meðferð við mergæxli - dæmi um lyf

- Bortezomib (Velcade) í húð
- Carfilzomib (Kyprolis) í æð
- Daratumumab (Darzalex) í húð



Meðferð við mergæxli - stuðningsmeðferð

- Beinþéttilyf -
 - Zometa
- Blóð og/eða blóðflögur
- Umhirða lyfjabrunna, CVK leggja eða Picc-lína
- Önnur lyf

Áskoranir

- Samgöngur - ferðir með blóðprufur, blóðhluta og lyf
- Aðgengi að skjúkraskrá -
- Að viðhalda tengslum, þekkingu og reynslu starfsmanna

Ávinningur

- Losna við ferðir
- Kostnað
- Minni togstreita vegna heimilis, fjölskyldu og barna
- Að missa ekki úr námi eða vinnu
- Að nálgast stuðning - að mynda tengsl við heilbrigðistarfsfólk í heimabyggð

Reynsla fólks á landsbyggðinni af krabbameinsmeðferð fjarri heimabyggð

- Veita þarf einstaklingum í krabbameinsmeðferð sem búa á landsbyggðinni og sækja meðferð fjarri heimabyggð sérstaka athygli og stuðning.
- Þörf er á sérþjónustu sem kemur til móts við sérstakar aðstæður þeirra og miðar að aukinni samfelli í þjónustu.
- Ályktun rannsóknar Halldóru Egilsdóttur MS, 2019

- Takk fyrir

